

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

DC DOUBLE  
C H E E S E



K Y N N I R




# big ROYAL

**150 GRAMMA HAMMARI MEÐ GRILLBRAGÐI!**

Í AÐALHLUTVERKI

100% NAUTAKJÖT 150G TVÆR OSTSNÆÐAR ÍSLENSKAR GÚRKUR BUFFTÓMATUR  
RAUÐ LAUKUR BRAKANDI FERSKT SALAT ROYAL HAMBORGARASÓSA RAUÐ PAPRIKA HAMMARABRAUÐ



MYNDIR FRÁ FARSÆLUM FERLI SIGURSTEINS MEÐ KR, ÍA OG STOKE

# Meistaraleikur hins margfalda meistara

**Sigursteinn Gíslason**, einn sigursælasti knattspyrnumaður Íslands, greindist nýverið með krabbamein. Í kjölfarið ákváðu félagar hans að blása til sýningarleiks í fjáröflunarskygni fyrir baráttuna sem framundan er.

„Það eru fyrrum liðsfélagar Steina hjá ÍA og KR sem standa fyrir þessu. Það er nokkuð stór hópur sem hefur lagt hönd á plóg við að gera þetta mögulegt og það er í raun frábært hvað allir hafa verið tilkippilegir,“ segir Þórður Guðjónsson, fyrrum landsliðsmaður í fótbolta og einn af félögum Sigursteins Gíslasonar. Sigursteinn greindist í vor með krabbamein í nýrum og lungum. Í kjölfarið tóku vinir þessa sigursæla knattspyrnumanns höndum saman og standa þeir fyrir svokölluðum Meistaraleik Steina Gísla sem fram fer á laugardaginn. Þar koma gamlir liðsfélagar Sigursteins til með að etja kappi fyrir hönd ÍA og KR á Akranesi og er leiknum ætlað að afla fjár fyrir baráttu Sigursteins við sjúkdóminn sem er framundan.

## KR og ÍA á sínum léttustu nótum

„Að undirlaginu eru þetta þeir sem urðu meistarar með Steina í ÍA árin 1992-1996 og svo liðsmenn hans úr KR-liðinu sem tók þessa fjóra titla árin 1999, 2000, 2001 og 2003 sem skipa liðin tvö. Þetta er svona kjarninn af þeim liðum. Annars eru allir leikmenn sem Steini spilaði með bara hjartanlega



ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON ER EINN AF ÞEIM SEM STANDA AÐ MEISTARALEIKNUM

velkomnir. Við höfum ekki getað náð í alla, enda er þetta náttúrulega tölurverður hópur svo menn mega bara endilega melda sig til leiks.“

Gera má ráð fyrir að leikmenn á borð við Þormóð Egilsson, Rúnar Kristinsson, Einar Þór Danielsson og fleiri keppi fyrir hönd KR gegn Skagamönnum á borð við Ólaf Þórðarson, tvíburabræðurna Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni ásamt Þórði sjálfum. Leikurinn hefst kl. 17:15 á Akranesvelli og verður aðeins leikið í tvisvar sinnum þrjátíu mínútur. Miðaverð er 1.000 krónur fyrir fullorðna en frítt verður inn fyrir börn.

„Ég hvet fólk til að mæta og styðja við bakið á góðum dreng, það er tilgangurinn með þessu. Steini er að fara inn í sinn stærsta leik og mestu baráttu sem hann hefur lent í. Þetta er hugmynd til að létta undir með honum. Ég held nú að þetta verði á léttustu nótnum sem KR og ÍA hafa ást við á vellinum,“ bætir Þórður við.

## LEGGÐU LIÐ

Ásamt því að mæta á leikinn er hægt að leggja söfnuninni lið með frjálsum framlögum: **Reikningsnúmer:** 0330-26-2569 **Kennitala:** 250668-5549

## Monitor mælir með

### Á NETINU

Þótt Twitter sé að sækja í sig veðrið hérlendis er fleira spennandi að finna á netinu. Heimasíðan Bloglovin.com er alger snilldarviðbót við netrúntinn. Bloglovin er síða þar sem þú getur stofnað aðgang, skráð þínar upphaldsbloggssíður í aðganginn og upp frá því geturðu fylgst með uppfærslunum á bloggunum um leið og þær koma inn, allar á einum stað!

## bloglovin'

### Í MUNNINN

Nýverið opnaði splunkuný ísbúð í JL húsinu í Vesturbæ Reykjavíkur.

Ísbúðin er fersk nýjung í konungsríki ísbúðarinnar á Hagamel en Ísgerðin, eins og hún heitir, á margt sameiginlegt með Yoyo-ís en í henni fá viðskiptavinirnir sjálfir að blanda ísinn úr vélinni ásamt því að skella íssósu og kurli á sjálfir. Búðin er tilvalin stoppustöð á ísbiltúrum sumarsins.

### Í SUMAR

Þótt nauðsynlegt sé fyrir líkama og sál að kíkja út fyrir landsteinana í menningar- og sólarlandaferðir þá svikur gamla góða Frónið aldrei á sumrin.

Lesendur Monitor eru hvattir til að ferðast innanlands í sumar.

Það er magnað hvernig hægt er að enduruppgötva náttúrufergur eigin lands í hvert sinn sem maður heimsækir flotta viðkomustaði fjarri þéttbýlinu.



## Vikan á...

## facebook

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**  
Er stoltur eigandi og framkvæmdastjóri Schnilld  
15. júní kl. 12:14

**Rurik Gíslason**  
Verðum að leggja meira á okkur ef við ætlum að vinna danina!  
14. júní kl. 20:44

**Bubbi Morthens**  
Lifta lóðum lemja púðan glaður í gufu góðan búster Dagurinn í dag dágóður verður  
13. júní kl. 7:43

**Ragnhildur Steinunn Jonsdóttir**  
Ef Sigmar Gudmundsson samstarfsmaður minn er ekki fyndnasti maður landsins þá veit ég ekki hvað!!!!  
10. júní kl. 19:55

## Feitast í blaðinu

**17. júní** er á föstudag. Ætla Haffi Haff og Margrét Björns að fá sér kandífloss? >>>4

**Edda Sif Pálsdóttir** er ekki að fara að fá sér húðflúr af loppum á brjóstin. >>>6

**Jóhannes Haukur** leikari segist ekki vera harður, en hann hefur kýlt mann í bakið. >>>8

**Hljómsveitin 1860** heitir eftir ártali fyrstu hljóðupptökuunnar. >>>13

**Árni Vilhjálmsson** úr hljómsveitinni FM Belfast þreytir Lokaprófið með glans. >>>14

## Efst í huga Monitor

# 17. júní tekinn alla leið

**1** Þjóðhátíðardagurinn er enn á ný runninn upp og Íslendingar fagna eins og lítill börn í Nammi-landi á laugardögum því honum fylgja jú einstaklega skemmtilegar hefðir. Flestir fara í miðbæinn og kíkja á mannlíf, sýna sig, sjá aðra og horfa á skemmtiatriðin sem eru í boði. Sumir nenna alls ekki í bæinn og hanga heima, njóta þess að vera í fríi.

**2** Í ár ættu allir að taka sig til og nýta daginn til fulls, sama hvernig veðrið verður. Hér eru nokkur atriði sem þurfa að vera á hreinu fyrir þá sem vilja setja allt í botn á 17. júní.

**3** Vertu vel undirbúinn/n. Veðrið er óútreiknanlegt svo ekki væri verra að hafa með sér regnslá, regnhlíf, sólgleraugu og sólarvörn til öryggis.



**4** Byrjaðu daginn á að marsera á Austurvöll kl. 11 þegar hátíðardagskráin er sett.

**5** Láttu mála íslenska fánann framan í þig. En ekki hvað?

**6** Farðu í skrudgöngu.

**7** Prófaðu öll leiktækin í Hljómskálagarðinum. Þú gætir þurft að fá einhverja vini með þér í þetta verkefni. Best væri að fá þá með sér allan daginn.

**8** Fáðu þér kandífloss og snuddu-sleikjó í fánalitunum.

**9** Toppaðu daginn með blöðru sem er í laginu eins og upphaldsteiknimyndin þín. Svampur Sveinsson er alltaf flottur.

**10** Taktu lagið á Austurvelli þegar opinn hljóðnemi hefst kl. 16:20. Reyndu að fá alla til að syngja með þér.

**11** Troddu þér fremst í þvöguna við sviðið á Arnarhóli og syngdu með öllum lögnum. Reyndu að taka í hendina á einhverjum skemmtikraftanna.

**12** Gerðu slíkt hið sama á Ingólfstorgi.

Góða skemmtun!

Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) Umbrot og hönnun: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is)

Auglýsingar: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Forsíða: Ernir Eyjólfsson Grafík: Elín Esther

Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569-1136 Netfang: monitor@monitor.is



HAFFI HAFF GÆTI BRÁTT FARIÐ  
AÐ KALLA SIG TÖFFI TÖFF

HAFFI HAFF

## Uppi á sviði að gera töff hluti

Haffi Haff borðar vanalega ekki nammi en væri til í nokkra gúmmibangsa á 17. júní.

Hvað ætlar þú að gera á 17. júní? Það er ótrúlegt hversu mikið allt hefur breyst því í ár verð ég einn af þeim sem verða uppi á sviði á 17. júní. Ég var alltaf bara einn af krökkunum sem voru að labba um og skemmta sér en í dag er ég einn af þeim sem skemmtir unga fólkinu. Þegar ég var yngri langaði mig alltaf að vera eldri og gera einhverja töff hluti og það er einmitt það sem ég er að gera í dag.

Hvert er uppáhalds 17. júní nammið þitt? Úff, ég borða eiginlega aldrei nammi en ef ég þyrfti að fá mér eitthvað á 17. júní yrðu það líklega gúmmibangsar.

Hvernig blöðru ætlar þú að fá þér á 17. júní? (Hlær) Blöðru? Ég held ég myndi fá mér fullt af blöðrum í alls konar litum. Þannig gæti ég flogið á brott hvenær sem ég vildi.

Hver er þín besta minning frá 17. júní? Fyrir nokkrum árum átti ég frábæran 17. júní. Þetta var bara venjulegur dagur, ekkert spes að gerast þannig séð. Ég hékk með vinum mínum, engin vinna og ekkert stress. Við sátum á grasinu, fylgdumst með mannlífni og hlustuðum á tónlist. Veðrið var líka yndislegt sem gerði daginn enn betri.

Hver er þín versta minning frá 17. júní? Ég held ég hafi aldrei lent í neinu slæmu á 17. júní nema kannski jarðskjálftanum fyrir nokkrum árum. Mér fannst jarðskjálftinn reyndar alls ekki það slæmur þó hann hefði getað farið illa.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Þessa dagana er ég að vinna í nýrri tónlist, nýrri plötu, nýjum líkama og nýju hugarfari. Ég er að vinna mjög mikið í sjálfum mér og ætla að reyna mitt besta í að verða eins góð persóna og hægt er. Mig langar að gera svo marga hluti á meðan dvöl minni á þessari jörð stendur. Þið getið búið við fullt af frábærum hlutum frá mér innan skamms!

Mynu/Sigurðer

# HÆ, HÓ, JIBBÍ JEI!

RAKEL MJÖLL

## Hárslaufa og Svampur Sveinsson redduðu málunum

Rakel Mjöll Leifsdóttir, söngkona, hefur mætt í djammgalla gærkvöldsins í kaffiböð á 17. júní.

Hvað ætlar þú að gera á 17. júní? Vinkona mín Nína á afmæli þann 17. júní. Hún hefur afmælisboð heima hjá sér á Laugaveginum, eftir að hafa skoðað mannlífið í miðbænum kíkí ég því til Nínu í afmælissúpu. Mesta skemmtunin er að hitta og stríða vinunum sem eru enn í sömu fötunum og þeir voru í kvöldinu áður.

Hvert er uppáhalds 17. júní nammið þitt? Snuddu-sleikjói í fánalitum. Klassískt.

Hvernig blöðru ætlar þú að fá þér á 17. júní? Pokémon-blaðra væri draumurinn.

Hver er þín besta minning frá 17. júní? Fyrir tveimur árum var ég sú sem mætti í afmælisboðið í fötunum sem ég hafði verið í kvöldinu áður. Vinkona mín klæddi mig í nýjan kjól, lagaði mig til, setti slaufu í hárið mitt og gaf mér Svamps Sveinsson-blöðru. Við skemmtum okkur stórkostlega og dagurinn varð mjög eftirminnilegur.

Hver er þín versta minning frá 17. júní? Að vera að vinna og missa af hátíðarhöldunum.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Rétt eftir 17. júní fer ég í tónleikaferðalag til Þýskalands með hljómsveitinni minni, Útidúr. Í júlí verð ég Lundúnarnær og svo skrepp ég til Suður-Frakklands með nokkrum vinum mínum. Þar munum við liggja í vénekrunum og njóta þess að vera til.



RAKEL LÆTUR SIG DREYMA  
UM POKÉMON-BLÖÐRU

Mynu/Eggert

**MARGRÉT BJÖRNS***Erfitt að skilja við hoppukastalann*

Margrét Björnsdóttir, útvarpskona, hefur ekki enn jafnað sig á því að vera orðin of stór fyrir hoppukastalana.

**Hvað ætlar þú að gera á 17. júní?** Ég ætla að nýta daginn vel og kíkja á dagskrána niðri í bæ. Vonandi næg ég einhverjum tónleikum en svo bíður vinnan á 101 Hótelu eftir mér um kvöldið.

**Hvert er uppáhalds 17. júní nammið þitt?** Þetta er mjög auðveld spurning því það er klárlega rándýri snuðsleikjóiinn sem maður hefur um hálsinn. Svo á maður hann alveg í sjö mánuði eftir á.

**Hvernig blöðru ætlar þú að fá þér á 17. júní?** Ég ætla að fá mér tíu FM957 helíumblöðrur og svífa yfir Reykjavíkurborg nakin.

**Hver er þín besta minning frá 17. júní?** Það er klárlega þegar ég fór á Írafár-tónleika í Hafnarfjarðarbæ um árið. Ég var alveg fremst og ég snerti stígvélina hennar Birgittu Haukdal og sór þess eið að ég myndi aldrei þvo mér aftur um hendurnar.

**Hver er þín versta minning frá 17. júní?** Það er annaðhvort þegar ég var numin á brott af geimverum eða þegar ég komst að því að ég væri orðin of stór til að fara í hoppukastalann. Ég hef enn ekki jafnað mig á því.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?** Ég ætla að vinna og hafa það fáránlega næs. Ég vona að ég fari í einhverjar útilegur, annars er það bara sumardjamm og skemmtilegheit. Svo bíða mín Kanye West tónleikar í ágúst og ef ég þekki Kanye rétt þá verða þetta spikfeitir tónleikar.

Mynd/Sigurgeir



**MARGRÉT HEFUR ÞVEGIÐ SÉR UM HENDURNAR EFTIR AÐ HÚN SNERTI STÍGVÉL BIRGITTU**

# Hvar verður þú á 17. júní?

Monitor spurði nokkra Íslendinga út í þjóðhátíðardaginn og allt sem honum fylgir.

**EMMSJÉ GAUTI***Með kisumálningu og bakpoka*

Emmsjé Gauti setur sér háleit markmið fyrir 17. júní þetta árið. Vonandi nær hann ekki að kasta upp og lenda í slag.

**Hvað ætlar þú að gera á 17. júní?** Ég ætla að láta mála mig eins og kisu, fá mér candy floss, fara í bæinn með bakpoka, æla og láta berja mig á Lækjartorgi.

**Hvert er uppáhalds 17. júní nammið þitt?** Það er nauðsyn að fá sér pylsu með öllu, appelsín í dós og svo svalandi ferskt candy floss í eftirmat.


**Hvernig blöðru ætlar þú að fá þér á 17. júní?** Emmsjé Gauta - Bara ég blöðru. Það er verið að búa þær til í Þýskalandi núna. Ég pantaði tíu þúsund blöðrur.

**Hver er þín besta minning frá 17. júní?** Ætli það sé ekki bara fyrsta 17. júní giggið mitt árið 2003 eða 2004. Þar var heví góð stemning og allir í stuði sem hélt manni gangandi.

**Hver er þín versta minning frá 17. júní?** Ég man það eins og það hafi gerst í gær. Ég var svona fjögurra ára og mamma var nýbúin að kaupa handa mér þessa fallegu Sylvester úr Looney Tunes blöðru handa mér þegar ég missi gripíð á henni og hún sveif burtu. Ég grét og grét og fæ meira að segja ennþá martraðir um þetta í dag.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?** Ég ætla að spila á Akureyri 18. júní í Sjallanum. Í sumar spila ég líka í Galatalæk og á Bestu útihátíðinni. Vonandi er ég á leiðinni á Hróaskeldu og svo er það bara alls konar næsness hérna heima. Sem sagt mikið framundan enda platan mín, Bara ég, nýkomin út.

Mynd/Kristinn



**EMMSJÉ GAUTI ER Í SUMARSKAPI**



### SKRÍTNASTA

Ég á þennan palliottubrjóstahaldara meira að segja í tveimur litum. Hugmyndin var að nota þá innanundir eitthvað gegnsætt eða flegið svo aðeins glitti í palliotturnar en ég er enn að bíða eftir rétta tilefninu.

### NÝJASTA

Fyrir utan vinnutengd, afskaplega dönnuð fót er þessi kjóll það nýjasta í skápnunum. Ég keypti hann á hlaupum í Zöru og er búin að nota hann allavega tvisvar síðan við gallajakka, rautt belti og skó með fylltum botni. Sumarlegt og skemmtilegt.

# Klædd eins og geimfari í einn dag

**Edda Sif Pálsdóttir**, íþróttافرéttamaður og tískublaðamaður hjá NUDE leyfði **Stílnum** að kíkja í fataskápinn sinn.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?** Temmilega mikið magn af allskonar.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Úff, ég veit það ekki en ég varð

alveg ástfangin af því sem Spaksmannspjarir eru að gera núna og ég sá á Reykjavík Fashion Festival. Svo er ég líka mjög hrifin af skandinavískri hönnun.

**Hversu mörg sköpör átt þú?** Ekki nógu mörg að mínu mati en of mörg að mati flestra annarra. Þau eru um 50 en samt finnst mér ég alltaf vera í sömu skónum!

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?** Ég myndi fá mér einhverja persónulega setningu eða orð í fallegu lettri á innanverðan úlnliðinn, eitthvað sem mun alltaf vera mér kært og verður ekki þreytt. Það á til dæmis ekki við um loppurnar á brjóstunum á tónlistarkonunni Eve sem mér finnst voða flottar einu sinni.

**Hvaða flik er ómissandi að þínu mati fyrir sumaríð?** Engin ákveðin flik kannski, fyrir utan flott sólgeraugu, en það er alveg nauðsynlegt að klæðast einhverju munstruðu og/eða í fallegum lit í sumar.

### fataskápurinn

### ELSTA

Þegar langamma mín dó fyrir nokkrum árum fór ég í gegnum fataskápinn hennar og fann margar gersemar, meðal annars þennan fallega undirkjól.



### ÞÆGILEGASTA

Yndislega hlýir, mjúkir og gróflaga ófnotaðir. Svo þykir mér líka sérstaklega vænt um þá því vinkona mín sem bjó í Ástralíu sendi mér þá í jólagjöf, svo þeir eru jafnframt algjörlega orginal.

### DÝRASTA

66° Norður úlpan mín. Hún gæti auðveldlega fallið í flokkinn besta flikin líka því hún hefur haldið lífinu í kuldashöfnunni mér síðustu vetur og er svo sannarlega hvernar krónu virði. Eitt sinn gerði ég þó þau mistök, hálfsofandi á dimmum vetrarmorgni, að fara í silfraða skó við og var eins og geimfari í skólanum heilan dag. Lengsti kjánahrollur lífs míns.



### BESTA

Það er svolítið erfitt að gera upp á milli og velja eina bestu flik en þessi frábæri tiger-pels úr Topshop er klárlega meðal þeirra bestu. Alltaf kúl og mér finnst ég eiga heiminn þegar ég fer í hann.



Myndir/Sigurgeir S

## Fegrúnarráð vikunnar



Sumarið er á næsta leyti og ef við verðum heppin mun sólin láta ljós sitt skína á Íslandi í sumar. Nú er kominn tími á að fara að huga vel að húðinni svo það verði ekki vandræðalegt að sýna bera leggina á Austurvelli í sumar. Stíllinn er að sjálfsgöðu með töfra-lausnir fyrir lesendur og er með yndislegar uppskriftir að heimatilbúnum skrúbb og dekki.



### SALTSKRÚBBUR

Innihald:  
Epsom salt  
Extra virgin ólífuolía  
Lífrænis sítrónu-blómadröpar

Aðferðin er ósköp einföld. Setjið saltið í glerkrukku eða hentugt ílát, hellið ólífuolíunni yfir og setjið blómadröpa út í eftir smekk. Hægt er að nota ýmsar tegundir blómadröpa og er til dæmis sniðugt að setja frekar lavender-blómadröpa til að búa til slökunarskrúbb. Epsom saltið er virkilega magnesíumríkt og gott fyrir húðina, besta ólífuolían er í glerflöskum og droparnir fást í öllum helstu heilsubúðum.



### TÖLVUPREYTT AUGU?

Það getur stundum verið rosalega erfitt að slíta sig frá hinum spennandi heimi Facebook og eftir langa störu fyrir fram-an tölvuskjáinn fær maður stundum illt í augun af þreytu. Þá er sniðugt að hlaupa út í næsta apótek og fjárfesta í rósavatni. Bleyttu bómul í rósavatninu og leggðu yfir augun í 5-10 mínútur. Þá ættir þú að vera búin að hvíla augun nóg til að líða betur eða halda áfram að skoða myndir á Facebook.

# BBQ Nýtt á KFC Beikon BOXMASTER™

Original  
kjúklingabringa,  
ostur,  
brakandi beikon,  
ferskt salat,  
tómatar,  
kartöfluskífa,  
toppað með  
æðislegri  
BBQ SÓSU



**SV000gott™**

**0gr.**  
trans-  
fita

[www.kfc.is](http://www.kfc.is)

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • HAFNARFIRÐÍ • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



vióta lió



# Nítján ára í líkamlegu formi þrítugs manns

„Ég er í mínu besta líkamlega formi á ævinni,“ segir **Jóhannes Haukur Jóhannesson**, leikari, sem umbreytti líkama sínum fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Svartur á leik*.

**Texti:** Sigyn Jónsdóttir  
**Myndir:** Ernir Eyjólfsson

sigyn@monitor.is  
ernir@mbl.is

„Leikstjórinn ræður mig í þetta hlutverk og við vorum sammála um að Tóti þyrfti að vera massaður og í hörkuformi,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson um upphafið að geysilegu líkamsræktaráttaki sínu sem hefur staðið yfir frá áramótum. Hann setti sér skýr markmið fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Svartur á leik* í upphafi árs og fór í ræktina sex sinnum í viku ásamt því að vera á ströngu mataræði til þess að ná þeim. „Þetta stóðst næstum því upp á gramm, ég var 94,8 kíló þegar tókur hófust og 12% fita,“ útskýrir Jóhannes sem náði markmiðum sínum og gott betur. Nýlega lauk tókum á kvikmyndinni *Svartur á leik* þar sem Jóhannes fer með stórt hlutverk ásamt þeim Þorvaldi Davíð Kristjánssyni og Agli Einarssyni, betur þekktum árum og Gillz. Myndin gerist í undirheimum Reykjavíkur árið 1999 og ríkir mikil spenna fyrir þessari myrku glæpamynd.

**Hvernig myndir þú lýsa Tóta sem þú leikur í *Svartur á leik*?** Utan frá séð er hann algjör óþokki. Hann er glæpamaður sem gerir og segir ljóta hluti og fer illa með ansi marga. Hann hefur þó sína sannfæringu og fylgir sínum eigin siðareglum mjög fast eftir. Tóti lítur fyrst og fremst á sig sem viðskiptamann en það vill bara svo til að hans viðskipti eru ólögleg.

**Finnst þér þú eiga eitthvað sameiginlegt með þessum harðsvíraða glæpamanni?** Já, að vissu leyti. Hann er prinsippmaður og ég á það sameiginlegt með honum þó prinsippin séu mjög ólík hjá okkur.

**Myndir þú segja að þetta væri harðasta hlutverk þitt hingað til?** Alveg tvímælaust. Tóti beitir alveg helling af bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi gagnvart konum og mönnum. Þetta er harður nagli sem er kannski svolítið fjarri mér. Ég hef sjálfur aldrei lent í slagsmálum. Ég hef reyndar einu sinni kýlt mann í bakið sem er mjög lélegt. Það var þannig að einhverjir voru að ráðast á vin minn á Hótel Íslandi fyrir mörgum árum og ég var ekki sáttur með það svo ég kýlði einn mann í bakið. Um leið og hann sneri sér við hljóp ég svo í burtu, það er öll slagsmálasagan mín. Ég þurfti því að undirbúa mig vel fyrir hlutverk harða naglans með því að massa mig upp og svo lærði ég eitt og annað í Mjólni.

**Svartur á leik gerist í lok tíunda áratugarins. Hvað varst þú að gera á þeim tíma?** Þá var ég nítján ára og var svolítið að finna mig í lífinu en alls ekki í þessum undirheimum. Ég var ekki í skóla, hafði hætt í Iðnskólunum í Hafnarfirði eftir tvær annir. Svo fór ég í Flensborg þegar ég var tvítugur og í kjölfarið í Leiklistardeild Listaháskólans.

**Hvernig týpa varst þú í menntaskóla?** Saklaus kór-drengur. Ég var ekki byrjaður að leika mikið en var mörg ár í kór svo ég söng mikið. Það var ekki fyrr en upp úr tvítugu að ég fór að fíka eitthvað í leikhúsinu.

**Sagan segir að þú hafir eitt sinn tekið þátt í *Söngkeppni framhaldsskólanna klæddur í korselett*. Hvað var málið?** Það var einmitt árið 2000, ég lenti í öðru sæti og Sverrir Bergmann sigraði með lagið eftir Audda Blöndal, Án þín. Í rauninni markar þátttaka mín í keppninni upphafið að leiklistarferlinum mínum því í framhaldinu hafði leikstjórinn Guðmundur Rúnar Kristjánsson samband við mig og fékk mig til að taka þátt í uppfærslu á sýningunni Með fullri reisu um sumarið. Mér fannst það æðislegt og fór í kjölfarið í prufur fyrir Leiklistarskólann og komst þar inn. Guðmundur Rúnar er því mikill örлагavaldur í mínu lífi.

**Leiklistin var þá ekki langþráður draumur?** Maður hugsaði nú um það sem krakki að það væri gaman að

## HRADASPURNINGAR

**Fituprésenta?** 11%.

**Hvað tekur þú í bekk?** 100 kíló slétt. Ég stefni samt á að ná 120 sem fyrst því helvítíð hann Auddi Blöndal tekur 120 kíló sem er fáránlegt. Ég er að vinna í þessu.

**Versta martröð?** Að fitna um 20 kíló fyrir frumsýninguna á *Svartur á leik*.

**Það sjúkasta sem þú hefur séð á internetinu?** Gamli karlar í ástaratlotum.

**Uppáhaldsnammi?** Daim.

**Besta hljómsveit allra tíma?** Bítarnir, ekki spurning.

**Uppáhaldskvikmynd?** *The English Patient*, hún er sérstakt listaverk sem upphafur andann.

**Hvað myndir þú kalla þig í Hollywood?** Þetta er ég alveg búinn að hugsa út. Ég myndi kalla mig Jack Hawke, seinna nafnið skrifað eins og Ethan Hawke.



verða leikari en ég gerði svo sem aldrei neitt í því fyrr en um tvítugt. Ég fór aldrei á nein leiklistarnámskeið en hefði nú kannski betur gert það. Það er öllum hollt og gott að fara á leiklistarnámskeið og mennta sig í leiklist því ég held að slíkt nýtist manni á fleiri sviðum.

**Heimildir Monitor herma að þú hafir eitt sinn verið sagður í líkamlegu ástandi þrítugs manns þegar þú varst aðeins nítján ára. Varst þú í slæmu formi sem unglingur?** Já, ég hef alltaf verið aðeins yfir kjörþyngd síðan ég var svona tólf ára. Svo byrjaði ég að reykja fjórtán ára sem hjálpaði ekki til. Þegar ég var nítján ára fór ég til heimilislæknis og hann sagði við mig að ég væri í líkamlegu formi þrítugs manns.

**Nú hefur þú snúið dæminu við og ert líklega í líkamlegu ástandi nítján ára manns, ekki satt?** Algjörlega. Ég hef ekki reykt í fimm ár, ég er í mínu besta líkamlega formi á ævinni. Ég hef nú oft farið í átak og létt mig um nokkur kíló sem bætast svo fljótt aftur á mig. Þá var ég ekki nógu ákveðinn í þessu en núna hafði ég skýr markmið, að undirbúa mig fyrir hlutverk í *Svartur á leik*.

**Var erfitt að byrja í átakinu?** Já, auðvitað var það erfitt fyrst en mér finnst rosalega gott að hafa svona skýrt markmið í byrjun. Leikstjórinn ræður mig í þetta hlutverk og við vorum sammála um að Tóti þyrfti að vera massaður og í hörkuformi svo ég ákvað að fara í prógramm til að undirbúa mig fyrir hlutverkið. Ég áttaði mig fullkomlega á því að svona tækifæri vaxa ekki á trjámum og maður fær ekki oft svona flott og bitastæð hlutverk í kvikmynd. Það hvatti mig áfram á brettinu þegar ég var við það að gefast upp af þreytu. Ég vil gera það sem ég geri vel og þetta var það sem þurfti til. Ég fór til vaxtaræktarþjálfarans Konráðs Gíslasonar sem er í World Class og hann lét mig fá prógramm fyrir vaxtarækt. Þetta er ekki venjulegt einkaþjálfaraprógramm heldur miðast það aðallega af að stækka sig og forma sig. Ég fylgdi því fast eftir og fékk svo hjálp frá Guðjóni Þorsteini Pálmasyni leikara sem er tilfallandi líka einkaþjálfari í hjáverkum. Hann kom með mér og hvatti mig áfram fyrstu vikurnar.

**Hvað stóð átakið lengi yfir?** Ég byrjaði um áramótin og prógrammið stóð yfir í sextán vikur, alveg fram að fyrsta tókudegi. Ég fór sex sinnum í viku að lyfta í 45 mínútur og hljóp í hálf tíma sex sinnum í viku. Þetta var erfiðast fyrstu fjórar vikurnar. Ég átti alveg móment þar sem ég bókstaflega grét á hlaupabrettinu. Það sem var svo erfitt er þetta samtal sem maður á við sjálfan sig á brettinu. Maður er endalaust að reyna að gefa sér einhvern afslátt og reyna að vera með eitthvað samkomulag við sjálfan sig að það sé í lagi að taka aðeins minna á því þann

daginn. Þetta voru gríðarlegar samningaviðræður. Ég tók alltaf hálf tíma hlaup og eftir á var ég svo glaður að hafa ekki látið undan sjálfum mér og stundum felldi ég nokkur sigurgleðitár.

**Hvaða markmið settir þú þér í ársbyrjun?** Að komast niður í 95 kíló og úr 24% fitu í 15%. Þetta stóðst næstum því upp á gramm, ég var 94,8 kíló þegar tókur hófust og 12% fita. Ég missti að meðaltali eitt kíló á viku svo þetta voru sextán kíló sem ég missti áður en tókur hófust og náði að byggja upp mikinn vöðvamassa. Á meðan tókum stóð missti ég svo tvö kíló til viðbótar því ég hélt áfram að hreyfa mig svona mikið enda orðinn háður þessu.

**Hvernig er dæmigerður dagur í svona átaki?** Ég steypiti lyftingaræfingu og brennslu saman í eina æfingu sem mátti vera hvenær sem er yfir daginn. Það var mikið að gera hjá mér svo stundum fór ég á morgnana, stundum yfir miðjan daginn og sem betur fer fékk ég sólarhringsaðgang í World Class Kringlunni því stundum þurfti ég að fara eftir sýningu á miðnætti. Það kom sem betur fer ekki oft fyrir. Þegar maður er með sólarhringsaðgang í ræktina er ekki hægt að skýla sér bak við neitt og afsaka sig.

**Hvað borðaðir þú á meðan átakinu stóð?** Ég fékk mér alltaf hafragraut í morgunmat, banana og próteinsjeik í millimál og til dæmis kjúklingavefju á Subway í hádegismat. Eftir hádegi fór ég oft í ræktina og fékk mér svo ávöxt og próteinsjeik eftir æfinguna. Klukkan fimm fékk ég mér hafragraut til að halda hungrinu í skefjum og í kvöldmatinn var ég með eitthvað hollt og gott eins og til dæmis nautakjöt og sætar kartöflur. Um kvöldið fékk ég mér svo aftur banana og próteinsjeik.

**Þú ert þá ekki á barnamatskúrnum eins og margar stjörnurnar í Hollywood þessa dagana?** Nei, alls ekki. Þetta snýst bara um að borða rétt og borða hollt. Próteinsjeikarnir úr mysupróteini komu sér líka vel fyrir mig þar sem ég var að byggja upp vöðva. Á sunnudögum fæ ég svo frjálstan tíma í mataræðinu í kvöldmatnum.

■ ■ **Ég átti alveg móment þar sem ég bókstaflega grét á hlaupabrettinu.**

**Hvað færð þú þér á nammidögum?** Nammidagurinn virkar þannig að kvöldmaturinn og eftir kvöldmat er frítt spil. Hjá mér væri típískt að fara á Hamborgarafabrickuna og fá mér einn djúsi Bó eða Morthens. Stundum fæ ég mér líka pítsu eða einhvern viðbjóð. Eftir kvöldmat fer ég svo heim og úða í mig Daim, is, lakkris, karamellum og ógeðslega mikið af nammi.

**Hvernig tekur líkaminn í nammidagana?** Hann fær alveg smá sjökk. Ég á þínu erfitt með svefn á sunnudagsnóttum. Ég sef alveg en svitna svolítið í svefni eftir allt þetta nammi og vakna yfirleitt miklu fyrr en vanalega á mánudagsmorgnum. Þetta er svolítið eins og að vera þunnur því ég næ mér ekki alveg fyrr en á hádegi á mánudögum. Er með nettan skjálfta og svoleiðis. Ég verð samt að halda þessum nammidögum. Það er svo gaman að úða þessu í sig. Ég fékk mér til dæmis Ben&Jerrys ís á síðasta nammidegi þó ég sé með mjólkurþól. Svo fæ ég í magann og er alveg í rugli en þetta er það sem ég leyfi mér af því að ég er svo strangur á mataræðinu alla hina daga vikunnar. Ég er svo mikill öfgamaður í eðli mínu og það hentar mér rosalega vel að vera mataræðisfasisti sex daga vikunnar og fara svo all-in á sunnudagskvöldum. Þetta er svipað og þegar ég hætti að reykja. Þá varð ég alveg rosalega mikið á móti reykjum

og er einn af þeim sem gengur upp að reykingafólki og hóstar hressilega. Ég er samt farinn að reyna að halda aftur af mér núna, reykingafólk nennir ekkert að hlusta á fyrrverandi reykingafólk.

**Í nýlegu viðtali sagðist þú verða geðveikur ef þú fengir ekki að borða á tveggja klukkustunda fresti. Var það ekki erfitt á tókustað?** Það var nú meira en að segja það. Reyndar eru alltaf einhverjir sem sjá um matinn á tókustað kvikmynda og hjá okkur var yndisleg stúlka að sjá um þetta sem heitir Sunna. Ég ræddi við hana áður en tókur byrjuðu um hvað ég þyrfti að fá þar sem ég væri nú í þessu prógrammi og hún stóð sig með þryði í að uppfylla allar þessar sérþarfir mínar. Það var nú reyndar gert mikið úr því að ég hafi ekki fengið epli á tilskyldum tíma einn tókudaginn. Ég varð eitthvað pirraður og þínu sár yfir að fá ekki eplið mitt en auðvitað reddaði Sunna máluðum á örskotsstundu.

**Hvernig fannst þér að vinna með Þorvaldi Davíð sem er nýútskrifaður úr Juilliard?** Ég hef unnið með Þorvaldi áður þegar við lékum saman í söngleiknum Hárinu í Austurbæ árið 2004. Þá var hann ekki byrjaður í leiklistarskóla og ég fann vel fyrir því að þau eru látin liggja aldeilis yfir náminu í Juilliard því hann hefur bætt sig alveg svakalega. Ekki það að hann hafi verið einhver fáviti í Hárinu, þá var hann mjög hæfileikaríkur og duglegur strákur, en núna er hann svo þjálfður og agaður í sínum leik. Hann er alveg feykilega góður leikari og alveg frábær mótaleikari. Það skiptir svo miklu máli að fá góða mótaleikara.

**Var hann með einhver góð trikk frá Bandaríkjunum?** Það eru engin trikk í þessu. Þetta er í rauninni eins og langhlaup. Það eru voðalega lítil trikk en aðallega þjálfun og Þorvaldur er mjög þjálfður leikari.

**Á hinn bóginn lék Gillz í myndinni sem hefur ekki verið mikið á fjölnum áður. Hvernig stóð hann sig?** Helvítíð á honum stóð sig eins og fagmaður. Nú er ég mikill maður menntunar og er sjálfur menntaður leikari og Þorvaldur menntaður úr Juilliard. Svo mætir þessi líkamsræktarkappi á svæðið og mér leist satt best að segja ekkert á að hann ætti að leika í þessari mynd. Mín fyrstu viðbrögð voru: „En hann er ekki menntaður leikari!“ Svo er hann alveg rosalega hæfileikaríkur og þetta liggur mjög vel fyrir honum. Hann er meira að segja með þeim betri sem ég hef leikið á mótí í bíómynd. Auðvitað skorti hann einhverja þekkingu á tækniatriðum og lærðum vinnubrögðum en það skiptir litlu máli þegar hann er með góðan leikstjóra. Í leikhúsum þarftu meiri tækni, til dæmis við að senda röddina út í salinn en í kvikmyndum er þetta meira einhver náttúrulegur hæfileiki sem Egill Einarsson stórleikari býr svo sannarlega yfir.

**Gat hann gefið þér einhver ráð fyrir líkamsræktina?**

Já, það var rosalega gott að hafa hann með sér á settinu þegar lítill tími gafst til æfinga og svoleiðis. Við tókum nokkrum sinnum æfingu saman í hádeginu á löngum tókudögum. Hann Egill er vænsti piltur.

**Þú festist á eyðieyju með Þorvaldi Davíð og Gillz. Hvern myndir þú éta til að lifa af?** Það er náttúrulega meira kjöt á þykka manninum. Ég hugsa að Þorvaldur Davíð bragðist betur og kjótið hans væri meirara og ekki eins seigir í honum vöðvarnir. Hins vegar er meira af Agli, hann er 95 kíló og aðeins 4% fita svo ég hugsa að ég myndi éta hann. Hann myndi nýstast í fleiri máltíðir.

**Í leikhúsum þarftu meiri tækni til dæmis við að senda röddina út í salinn en í kvikmyndum er þetta meira einhver náttúrulegur hæfileiki sem Egill Einarsson stórleikari býr svo sannarlega yfir.**

**Gillz segir þig vera eins og Forrest Gump því þú hlaupir út um allt. Er eitthvað til í því?** Já, útihlaup eru nýja æðið mitt núna. Ég byrjaði á að hlaupa alltaf á bretti í hálf tíma en á ákveðnum tímamarki fór það að verða of auðvelt svo ég ákvað að byrja að hlaupa úti. Þá byrjaði ég á því að hlaupa alltaf á tókustað á morgnana. Það var alltaf nýr tókustaður á hverjum degi svo stundum voru þetta þrír kílómetrar, stundum sjö. Ég hljóp því alltaf á sett og átti það til að hlaupa heim líka svo viðurnefnið Forrest Gump var fljótt að koma upp.

**Er líkamsrækt og mataræði þín helstu áhugamál í dag?** Ég er hættur að vera heltekinn af þessu eins og ég var í undirbúningnum fyrir myndina. Núna er þetta orðinn eðlilegur partur af deginum og þessa dagana er ég að setja mér ný markmið. Í ágúst ætla ég til dæmis að hlaupa hálfmaraþon í Reykjavíkumaraþoninu sem er nýjasta markmiðið.

**Þú spilar bæði á gítar og píanó og syngur mikið. Semur þú tónlist?**

Nei, ég er nú eiginlega hættur því. Þegar ég var unglingur og ungur maður samdi ég mikið og ætlaði alltaf að verða rokkstjarna. Ég var kórstrákur sem var líka í hljómsveit. Ég var í hljómsveit með Agli Rafnssyni, trommara í Sign, og við vorum að gera tónlist saman. Ég er nýhættur að senda inn lög í forkeppni Eurovision enda sendi ég inn lag sex ár í röð og náði aldrei í gegn. Ætli ég fari ekki bráðum að gefa út plötu með þessum lögum sem komust aldrei að.

**Þú ert allavega með útlitið í að gefa út mótörhjólarkokk um þessar mundir. Jú, jú, ég gæti kannski gert það bara. Hringi í Egil Rafnsson og rifja upp gamla takta.**


**Samstarfsfólk þitt í Svartur á leik hefur nú þegar hafið veðmál um „hversu fljótt þú verður að breytast aftur í fituhlunk“ eins og Gillz orðaði það. Stefnir þú á að halda áfram þessu heilsusamlega líferni?** Ég er staðráðinn í að halda þessu við. Ég geri mér grein fyrir að það er lenska hjá fólki sem grennist svona hratt að bæta aftur á sig en mín ætlun er að halda mér áfram í formi. Þegar myndin verður frumsýnd verður ábyggilega einhver fjölmiðlasirkus í kringum það og mig langar ekki að vera orðinn aftur feitur þá og tala um hvernig mér mistókst að halda mér í formi. Það yrði of vandræðalegt.

**Ætla þú að snóða þig aftur til að halda í harða útlitið?**

Nei. Aldrei í lífinu ætla ég að gera það aftur nema tilneyddur. Ég er búinn að raka af mér hökutoppinn og bíð spenntur eftir að hárið byrji að vaxa aftur.

**Heldur þú að nýtt líkamlegt ástand muni færa þér öðruvísi hlutverk í leikhúsum en áður?** Já, ég er nú þegar farinn að fá hlutverk sem krefjast þess að ég sé í líkamlegu formi. Þá er bara eins gott að halda sér áfram í góðu formi.


**Hvað tekur við hjá þér núna þegar tókum á Svartur á leik er lokið?** Ég er að fara á kaf í leikhúsið og næsta mál á dagskrá er sýning sem verður frumsýnd í september. Hún heitir Alvöru menn og þar leik ég einmitt ungan, þrítugan gæja sem er í góðu formi. Ég er akkúrat þrítugur og á að vera í góðu formi svo þetta hentar mjög vel. Ég er mjög spenntur fyrir að byrja að æfa þetta því átrúnaðargoðið mitt Egill Ólafsson er með mér í sýningunni. Ég leik svo með honum í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu eftir áramót þannig að næsta ár verður mitt ár með Agli Ólafs.



facebook

www.kaninn.is  
www.facebook.com/kaninn

KANINN  
FM 1005



EINAR BARDAR



MAGGA JONASAR



EINAR AGUST

# KARA FRJETTA!

## FÖSTUDAGSPÁTTUR KANANS

ENGIN ÚTVARPSSTÖÐ HEFUR VAXIÐ JAFN MIKIÐ Á SÍÐUSTU 365 DÖGUM

HLUSTUNIN FER UPP UM  
134% ÚR 13.4% Í 31.4%

SAMKVÆMT MMR KÖNNLÍN DAGANNA 9. TIL 12. MAÍ 2011  
UPPSÖFNUN HLUSTUN Í ALDRINUM 18 TIL 49 ÁRA ALLT LANDIÐ

KANINN  
FM 1005

J.J. Abrams sem leikstjóri og skrifaði handritið að **Super 8** er einn af mönnum á bak við sjónvarpsþáttinn **Lost**.

## FERILLINN



## Elle Fanning

**Hæð:** 168 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Alice í Super 8.  
**Staðreynd:** Er litla systir Dakota Fanning.  
**Eitruð tilvitnun:** „Dakota er uppáhaldsleikkonan mín.“

**1998** Fæddist sem Mary Elle Fanning þann 9. apríl í bænum Conyers í Georgíufylki Bandaríkjanna.

**1999** Elle hóf leiklistarferilinn sem kornabarn er hún lék í einum þætti sjónvarpsþáttanna Judging Amy aðeins eins árs gömul.

**2001** Lék í kvikmyndinni I Am Sam aðeins þriggja ára gömul. Elle fór þar með hlutverk yngri útgáfu systur sinnar, Dakota, sem lék stórt hlutverk í myndinni. Nokkrum mánuðum seinna lék hún aftur yngri útgáfu systur sinnar í þáttaröðinni Taken.

**2002** Fékk sitt fyrsta sjálfstæða kvikmyndahlutverk fjögurra ára gömul er hún lék í kvikmyndinni Daddy Day Care.

**2003** Sýndi sig og sannaði sem leikkona er hún nældi í hlutverk Ruth í kvikmyndinni The Door In The Floor. Þar lék Elle á móti Kim Basinger og Jeff Bridges. Upprunalega ætluðu framleiðendur myndarinnar að fá eineggja tvíbura til að leika hlutverk Ruth þar sem það væri svo krefjandi og erfitt en Elle heillaði þá algjörlega upp úr skónum.

**2005** Lék dóttur Brad Pitt og Cate Blanchett í Óskarsverðlaunamyndinni Babel.

**2008** Elle og systir hennar Dakota áttu að leika systurnar í hinni eftirminnilegu Sister's Keeper. Elle missti af því stóra tækifæri þegar Dakota hætti snögglega við að leika í kvikmyndinni þar sem hún vildi ekki raka af sér hárið fyrir hlutverkið.

## Frumnýningar helgarinnar

### Super 8

**Leikstjóri:** J. J. Abrams.  
**Aðalhlutverk:** Elle Fanning, Joel Courtney, Amanda Michalka og Kyle Chandler.  
**Dómar:** IMDb: 8,1 / Metacritic: 7,2 / Rotten Tomatoes: 83%  
**Lengd:** 112 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Egilshöll, Álfabakka og Kringlunni.

Myndin gerist árið 1979 í smábæ í Ohio-fylki í Bandaríkjunum. Nokkrir krakkar eru að taka upp litla mynd á Super 8 myndavél þegar þeir verða vitni að svakalegu lestarslysi



eftir að pallbill ekur inn á teinana, beint í veg fyrir flutningalest. Strax eftir slysið sjá krakkarnir eitthvað mjög undarlegt og illútskýranlegt yfirgefa flakið. Herinn er fljótur á vettvang og vill enginn gefa upp hvað var um borð í þessari lest. Næstu daga láta allir hundar sig hverfa á brott úr bænum, fólk byrjar auk þess að hverfa og fleiri undarlegir atburðir eiga sér stað. Lögregluáðurinn Lamb (Kyle Chandler) er algerlega ráðþrota, en sonur hans, sem var einn krakkanna sem varð vitni að slysinu, ákveður að fá vini sína til að rannsaka þetta mál upp á eigin spýtur. Þeir fara brátt að uppgötva hluti sem eru bæði skelfandi og stórkostlegir, en hvaða atburð þessir hlutir eru fyrirboði um veit enginn.

KRAKKARNIR Í BÆNUM  
KOMAST Í HANN KRAPPANN

## Popp-korn

Emma Watson er framan á nýjasta tölublaði Vogue og talar þar um nýjan kafla sem er að hefjast í lífi hennar þessa dagana. Hún segir líf hennar hafa snúist alfarið um Harry Potter kvikmyndirnar undanfarin ár og er dauðfegin að vera komin út úr sápuvörðunni og verndaða umhverfinu. Nú sé hún orðin stór stelpa sem ætlar sér stóra hluti.



Jim Carrey segist hafa fengið ótal athugasemdir frá samstarfsfólki sínu er hann ákvað að gera nýjustu mynd sína, Mr. Popper's Penguins. Hann segist hafa verið spurður hvort hann vildi virkilega gera fjölskyldumynd og fara út í þann bransa, sérstaklega með mörgæsamynd. Carrey ákvað þrátt fyrir athugasemdir að kyla á verkefnið og segist bókstaflega dýrka mörgæsir.



Fyrir tveimur árum ákvað Óskarsverðlaunaakademian að fjölga tilnefningum í flokknum yfir bestu kvikmyndina úr fimm yfir í tíu en á næsta ári verður breyting á Akadémíunni finnst kvikmyndir sem hafa ekki átt skilið að fá tilnefningu hafa fengið slíka til að fylla upp í tíu tilnefningar. Á næsta ári þurfa kvikmyndir að fá ákveðna lágmarksprósentu til að hljóta þessa heiðurstilnefningu.



Lífið hefur farið fyrir Ben Stiller að undanförmu en hann er með nokkur járn í eldinum um þessar mundir. Samkvæmt heimildum LA Times mun hann líklega taka að sér hlutverk í kvikmyndinni Neighbourhood Watch sem segir frá ósköp venjulegum manni sem tekur þátt í nágrannavaktinni í rólegu úthverfi.



Angelina Jolie hefur fengið leyfi til að fara til Tyrklands að heilsa upp á sýrlenska flóttamenn. Jolie er einn af góðgerðarsendiherrum Sameinuðu þjóðanna og er þetta liður í störfum hennar fyrir samtökin. Um þessar mundir er Jolie hins vegar stödd á Möltu með Brad Pitt og sex börnum þeirra, en þar er hann að taka upp myndina World War Z. I



RingTónar

RingTónar fyrir Android

0 kr.

að hringja innan kerfis Símans með 1990 kr. áskrift.\*

## Vertu með Gus Gus í símanum

http://ringtonar.ring.is/

www.ring.is / m.ring.is

www.facebook.com/ringjarar

VERTU MED

\* 1.000 min/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inngangur til að hringja í önnur kerfi

# AÐ SKÓFLA EÐA DEYJA

Tríóið 1860 samanstendur af þeim **Hlyni Hallgrímssyni, Kristjáni Hrannari Pálssyni** og **Óttari G. Birgissyni**. Þeir gefa út fyrstu breiðskífu sína í júlí og eru sárir út í ferðamálasjóð Snæfellsness



## Hvenær hóf hljómsveitin 1860 göngu sína?

Við erum búnir að vera starfandi mjög stutt í rauninni. Hljómsveitin er stofnuð í október 2010. Þetta var bara þannig að við vorum með nokkur lög og við spiluðum á einhverjum tónleikum í byrjun október og hljómsveitin varð eiginlega bara til svona viku áður.

## Hvaðan kemur nafnið?

1860 er árið sem fyrsta hljóðupptakan var gerð og okkur langaði í eitthvað þægilegt nafn. Maður veit aldrei hvað maður á að skíra hljómsveitir þannig að við tókum þetta nafn upp. Okkur fannst líka voða flippað að vera með ártal sem nafn.

## Þið hafið sem sagt engin tengsl við fótboltaíð 1860 München?

Nei, en það er mjög skemmtilegt að segja frá því að við erum með allnokkra gutta á Facebook-síðunni sem eru aðdáendur okkar og eru með 1860 München skráð sem uppáhaldslið og hafa væntanlega bara fundið okkur fyrir algera tilviljun.

## Fyrsta breiðskífan ykkar kemur út í júlí. Við hverju má fólk búast í sambandi við hana?

Það má bara búast við laufléttu alþýðupoppi. Sumarlegum lögum og svo eru einhver sem eru sámin yfir vetrinn þannig að þetta eru eiginlega bara allar árstíðirnar. Hún heitir „Sagan“ og á henni verða 13 lög. Breiðskífan kemur út í júlí og síðan er planið að það komi út stuttskífa í Bandaríkjunum í haust.

## Þið syngið einhver lög á ensku og ætlið svo að gefa út stuttskífu í Bandaríkjunum. Er útrás í auglýsingu?

Við vorum eiginlega ekkert að þæla í því upphaflega. Stefnan okkar hefur verið að henda nýjum lögum beint inn á YouTube. Við vorum búnir að henda inn nokkrum þegar það var haft samband við okkur að utan. Það var herramaður sem hafði séð okkur á netinu og vildi fá að forvitnast um hvort við værum að þæla í útgáfu erlendis. Síðan hringdi hann og spurði hvort við værum lausir í júní og flaug okkur síðan út til sín.

## Á plötunni er að finna hið grípandi lag „Snæfellsnes“. Hefur lagið verið flutt á Snæfellsnesi?

Nei, við erum eiginlega sárir yfir því að það hafi ekki verið hringt í okkur frá ferðamálasjóði Snæfellsness. Við eigum það alveg inni að spila á einhverri árshátíð, ég held að það sé bara skrifað í stjórnumar.

## Er satt að lagið sé samið eftir að þú varðst nánast úti uppi á jöklinum í snjóþettaferð?

Já, við vorum nokkrir svaklegir töffarar sem fórum sérlega illa útbúnir á Spacewagon upp á jökul. Á bakleiðinni voru vélsleðadúddar búnir að skemma veginn svo við þurftum að grafa nýjan veg. Við vorum þarna í 4-5 tíma þangað til okkur fannst við vera að deyja.

Við vildum ekki vera dúddarnir sem hringdu í björgunarsveitina og svo yrði daginn eftir í blöðunum: „Fjórir illa útbúnir menn urðu sér að voða uppi á jökli“. Síðan þegar það var loks ákveðið að hringja á björgunarsveitina, þá var eini gemsinn sem var meðferðis batterílaus. Þannig að það var bara að skófla eða deyja.

## Hvert væri draumaupphitunargiggid?

Fyrir Fleet Foxes. Þeir eru svona nánast einir og óstuddir í því að koma með svona alvöru endurvakningu alþýðupopsins frá um 1960. Ef það væri íslensk hljómsveit, þá væri nú ótrúlegt ef maður myndi nú ná að hita upp fyrir Spilverkið úr því að þau eru að koma aftur saman.

## Hvaða ætlar hljómsveitin sér í sumar?

Að spila sem mest í bænum og síðan ætlum við að spila sem mest úti á landi. Við erum að vísu bara búnir að bóka tvenna tónleika en óskum eftir fleirum.



# fílófaxið 17 júní

## TÓTI TRÚÐUR

Hljómskálagarður  
**14:00** Á hverju ári kemur trúðurinn Tóti og skemmtir ungum sem öldnum í Hljómskálagarðinum. Sýningin er engri lík, þú vilt ekki missa af Tóta!

## GÖTULEIKHÚSIÐ

Skothúsvegur við Tjörnina  
**14:00** Götuleikhúsið sýnir listir sínar fyrir gesti og gangandi.

## FATAMARKAÐUR

Bakkus  
**14:00** Nokkrir vinir setja upp fatamarkað á Bakkus í tilefni þjóðhátíðardagsins. Til sölu verða vinylpötur, bækur, skartgripir og endalaust af allskonar fötum.

## OPINN HLJÓÐNEMI

Austurvöllur  
**16:20** Öllum er frjálst að koma með gítarinn eða undirleik og taka lagið fyrir þjóðhátíðargesti. Hér er á ferðinni prýðisgott tækifæri fyrir þá sem vilja vekja á sér athygli.

## DANSLEIKUR

Ingólfstorg  
**17:00** Langar þig til að dansa? Þá er dansleikurinn á Ingólfstorgi fullkominn fyrir þig.

## TÓNLEIKAR Á ARNARHÓLI

**19:30** Murrk  
**19:45** Joe and the Dragon  
**19:55** Friðrik Dór  
**20:15** Postartica  
**20:30** Dikta  
**21:00** Bjartmar og Bergisarnir  
**21:30** Valdimar

## TÓNLEIKAR Á INGÓLFSTORGI

**20:00** Dagur Sigurðsson  
**20:10** Teitur Gissurarson  
**20:20** Kristmundur Axel  
**20:30** Haffi Haff  
**20:40** Bjartur Elí  
**20:50** Júlí Heiðar  
**21:10** Ingó  
**21:30** Mollý  
**21:40** Óskar Axel

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Stelpur og strákar!  
 Loksins er komin lausn sem skilar árangri í baráttunni gegn bólunum

Í Proactiv® Solution, þriggja þrepa bólu- og húðhreinisefnum, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og frískri.

Vegna þess hve örugg við erum um að Proactiv® Solution sé rétta bólu- og húðhreinisefnið fyrir þig bjóðum við þér að prófa það án áhættu og með skilaretti í allt að 60 daga. Þannig sannfærst þú um virkni Proactiv® Solution.

Við bjóðum þér að prófa Proactiv® Solution og erum fullviss um að þú náir sama árangri og milljónir ánægðir notendur um allan heim.

Ef þú nærð ekki árangri, þá færðu endurgreitt. Við lofum því.

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar á heilsubudin.is án áhættu!

Heilsubudin.is  
 - bætt útlit, betri líðan

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:  
 REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108  
 URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115  
 LYFJAVER - Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11

# LOKAPRÓFIÐ

16. júní 2011 |  
**MONITOR**  
 skólinn

Ég heiti Arni Vilhjálmsson

Þú veist hver ég er af því að ég var í Muthaphucka 2 in da HouZE.

Besta FM allra tíma fyrir utan FM Belfast er

- a) FM957
  - b) FML
  - c) (K)F(U)M
  - d) Football Manager
  - e) ég get skit í FM.
- Af því að ég er hars á AM.



Á síðasta tónleikaferðalagi var skemmtilegast að spila í

- a) Prag
  - b) Berlín
  - c) Kleinreifling
  - d) Brussel
  - e) Paris
- Af því að allt sturledist



Af eftirfarandi myndi ég helst vilja

- a) Klippa táneglurnar á Lóu
  - b) Baða Arna
  - c) Kreista bólu á Orvari
- Af því að hann er einn af gamlameu og ég hef reynt að þá á báta þau

það sem fáir vita um mig er at ég er með skrygna kækli í hertunum og ef e- minnist á þá byrja þei samstundis.

Uppáhaldsmaturinn minn er Veitingastaðir í New York en ég borðað aldrei mat sem Arni Johnsen eldar.

(sem er leiðinlegt því ég hef heyrt að hann geri frábr.)  
 Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Arni Vil

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Hilmi Sna til að leika mig en líðlega yrði það samt David Duchovny

Ekki spyrja mig um

krydda  
 en ég er sérfræðingur í að krydda Sögun.



Uppáhaldslagið mitt með FM Belfast er

- a) Synthia
- b) Lotus
- c) Tropical
- d) Underwear
- e) IN LINE

Af því að þú get ég sveitlað hendingu minni fyrir ofan hausinn á mi

Ef ég fengi að vera annar Arni í einn dag myndi ég helst vilja vera

- a) Hinn Arni í FM Belfast
- b) Arni „úr járn“ Ísaksson
- c) Arni Matt
- d) Arni Johnsen
- e) Arni Gautur Arason
- f) \_\_\_\_\_

Af því að þú veist ég alþátt að þú til TIRANISU.

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í hádegismat með

- a) Victoriu Beckham
- b) Kate Middleton
- c) Natalie Portman
- d) Beyoncé Knowles
- e) Megan Fox

Til að ræða við hana um atraskum og ljútsat

Síðasta sms sem ég fékk var frá

landsbankanum og í því stóð qudkennishinn thitt er 41039



Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Ég var að triloða mig!  
Já og platan Don't want to sleep with FM BELFAST er komin til!

## Síðast en ekki síst

» **Berndsen**, tónlistarmaður, fílar:


**Kvikmynd** Faceoff hefur klárlega verið uppáhaldsmyndin mín síðan ég var 12 ára, ég elska þessa mynd. John Woo, Cage og Travolta – þvílíkt og annað eins!



**Sjónvarpsþáttur** Curb Your Enthusiasm. Þar leikur Larry David sem skrifaði Seinfeld þættina sjálfan sig og gerir það andskoti skemmtilega.



**Bók** Erfitt að segja þar sem ég les ekki svo mikið en á náttborðinu þessa stundina er Njála sem mig hefur alltaf langað að lesa.





**Plata** Það er rosalega erfitt að velja einhverja eina plötu og ég elska náttúrulega plötuna

mína, Lover In The Dark, mest. Annars hlusta ég aðallega á 80's mixtapes sem ég bý til fyrir sjálfan mig. Nýja platan frá Gus Gus, Arabian Horse hefur verið að rúlla í bílnum undanfarið ásamt nýju plötunni frá FM Belfast, frábært stöf!



**Veifur** Auðvitað heimasíðan mín, Berndsen.is. Hún er bleik og flott!



**Staður** Garðurinn minn. Það er einum of gott að slaka á úti í garði því þar er ég með hengirúm, sófa, grill og gítarinn á kantinum.



**ÓKEI. VIÐ BYRJUÐUM.  
EN VIÐ SJÁUM EKKI EFTIR NEINU.**



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á [WWW.ATLANTSOLIA.IS](http://WWW.ATLANTSOLIA.IS)

**LENGI LIFI  
SAMKEPPNI**



Atlantsolia var stofnuð til að veita stóru olíufélögum samkeppni.  
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið  
keppinautunum við efnið síðan.

Dælykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:





# Vertu með á Bestu útihátíðinni

Gaddstaðaflatir Hellu, 8.-10. júlí

## Gus Gus / Quarashi

Verð aðeins **6.000 kr.** fyrir viðskiptavini **Ring / Símans.**

Forsala aðgöngumiða í verslunum Símans Krínglunni,  
Smáralind, Ármúla og á Akureyri.

18 ára aldurstakmark.

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ